




Borgarstjórnin í Reykjavík



Reykjavík, 27. maí 2021
R19110027
240
ívs

Velferðarráð

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Heilsuborgin Reykjavík – Lýðheilsustefna Reykjavíkurborgar til 2030

Á fundi borgarráðs þann 20. maí 2021 var lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 17. maí 2021, varðandi drög að lýðheilsustefnu Reykjavíkur til 2030.

Borgarráð samþykkti að vísa drögum að lýðheilsustefnu Reykjavíkur til 2030 til umsagnar fagráða Reykjavíkur.

Óskað er eftir að umsögn berist borgarráði innan fjögurra vikna.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Lýðheilsa og lífsgæði eru lykiláherslur í framtíðarsýn og áherslum borgarinnar á öllum sviðum. Það þýðir að Reykjavík á að vera sannkölluð heilsuborg, hvort sem lítið er til hins andlega, líkamlega eða félagslega. Stefna Reykjavíkurborgar á sviði lýðheilsu er að fjölga æviárum þar sem íbúar búa við góða heilsu og vellíðan. Hún hefur það markmið að skapa umhverfi og aðstæður sem auka jöfnuð, heilsu og hamingju þannig að allir borgarbúar hafi tækifæri á að njóta lífsins í borg þar sem þeim finnst gott að búa í sátt og samlyndi. Áhersla er á forvarnir gegn hættu og vá en markmið er sett hærra en að vera eingöngu laus við vandamál og hættu, og áhersla lögð á heilsuefingu þar sem markmiðið er góð heilsa og vellíðan allra borgarbúa.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Samrit:

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð
Menningar-, fróttá- og tómstundaráð
Skipulags- og samgönguráð
Skóla- og frístundaráð
Umhverfis- og heilbrigðisráð
Hjálagt:

Bréf borgarstjóra, dags. 17. maí 2021